

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 90 – 04.09.2007

Þriðjudaginn 4. september, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveituframkvæmdir út að austan.
2. Trúnaðarmál.
3. Samningar um kaldavatnsréttindi
4. Erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði varðandi upphitunarkostnað íþróttavallarins á Sauðárkróki.
5. Hitaveitumælar fyrir hitaveituna á Hofsósi.
6. Önnur mál.
  - a. Gagnaveita Skagafjarðar.
  - b. Bréf Félagi harmonikkuunnenda í Skagafirði.

## Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu á framkvæmdum við lagningu hitaveitunnar Út að austan. Verkið er á áætlun. Á Hofsósi er lokið að tengja hús norðan ár og vinna hafin við tengingu húsa sunnan ár. Stofnlögnin er komin að Mannskaðahóli.
2. Trúnaðarmál (sjá trúnaðarbók)
3. Rætt um drög að samningum um kaldavatnsréttindi vegna vatnsöflunar fyrir Varmahlíð og Steinstaði. Páli Pálssyni falið að vinna áfram að málunum.
4. Lagt fram bréf frá Sv. Skagafirði dags. 31. ágúst 2007, þar sem óskað er eftir afslætti á heitu vatni vegna upphitunar á Íþróttavellinum á Sauðárkróki. Afgreiðslu frestað.
5. Lagður fram tölvupóstur frá Frumherja dags. 3. september 2007 þar sem kemur fram ósk um samstarf við tilraunaverkefni vegna uppsetningar, fjarálesturs og rekstur á mælum fyrir heitt á Hofsósi. Páli Pálssyni falið að ganga frá málinu.
6. Önnur mál.
  - a. Páll gerði grein fyrir stöðu mála hjá Gagnaveitu Skagafjarðar.
  - b. Lögð fram ósk frá FHS um móttöku gesta í Dælustöð. Erindið samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10  
Árni Egilsson ritari

Einar Gíslason  
Páll Dagbjartsson  
Pétur Valdimarsson  
Páll Pálsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.